

4. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

78

15. júní

Samþykkt þessi, sem gjörð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, samkvæmt lögum 16. mars 1917 um þyngd bakarabrauða, er hjermeð staðfest.

Í stjórnarráði Íslands, 15. júní 1917.

F. h. r.

Jón Hermannsson.

Oddur Hermannsson,
aðstm.

Reglugjörð

79

23. júní

um breyting á reglugjörð 17. febrúar 1917, um notkun mjölvöru

og um sölu á landssjóðs sykri.

Samkvæmt lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana útaf Norðurálfuófriðnum, er hjermeð sett eftirfarandi ákvæði.

2. gr. nefndrar reglugjörðar orðist þannig:

Hveiti mega bakarar að eins nota til að baka súrbrauð, franskbrauð, vanalegar tvíbökur, hart brauð (kringlur og skonrok) og svokallaða snúða. Ekki

79 mega heldur aðrir nota hveiti til baksturs til sölu, annars en þess, er að 23. júní. framan getur.

Reglugjörð 14. maí 1917, um breyting á reglugjörð 17. febrúar 1917, um notkun mjölvöru og um sölu á landssjóðs sykri, er hjermeð úr gildi feld.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 23. júní 1917.

F. h. r.

Jón Hermannsson.

Oddur Hermannsson,
aðstm.

80
20. júlí.

Hafnarreglugjörð

fyrir Ísafjarðarkaupstað.

Stjórnarráð Íslands hefir 20. júlí 1917 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Ísafjarðarkaupstað.

I. Hafnargjald.

Af öllum skipum (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem mæld eru til lestatafs, hvort sem þau eru vörum fermd, með seglfestu eða tóm, skal greiða í hafnargjald 5 aura af hverri smálest alls farmrúmsins í hvert sinn, er þau leggjast á höfninni eftir að þau hafa komið frá Danmörku eða öðrum útlöndum, eða, ef um skip ræðir, sem fara að eins milli hafna á Íslandi, þá, er þau í fyrsta sinn á árinu varpa akkerum á höfninni; og rennur gjald þetta eins og